

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/898**  
**komudagur 24.1.2014**



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2014

**Varðar:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi, 168. mál

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um stöðu 168. máls, frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning, stjórnarhættir og eftirlit), eins og málið stendur að lokinni 2. umræðu á Alþingi (þingskjal 529). SFF telja ástæðu fyrir nefndina að skoða að gera frekari breytingar á tveimur þáttum frumvarpsins fyrir lokaumræðu málsins.

## **I. FJÖLDI VARAMANNA**

SFF vilja áréttta ábendingu frá umsögn sinni þann 4. desember um að skynsamlegt sé að miða við sama fjölda varamanna í stjórn váttryggingafélags og í fjármálafyrirtækjum (2. mgr. 51. gr. laga nr. 161/2002), sbr. breytingar sem þingnefndin hefur gert á varamönnum í stjórnnum síðarnefndu aðilanna. Því er lagt til að í stað orðanna „Kjósa skal jafnmarga varamenn“ í 2. málslíð 1. mgr. 54. gr. laga nr. 56/2010 komi: *Kjósa skal minnst tvo varamenn.*

## **II. SKIPAN STJÓRNA DÓTTURFÉLAGA (SYSTURFÉLAGA)**

Núgildandi skipan skv. lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Samkvæmt 5. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 56/2010, gildir sú meginregla að stjórnarnemni í váttryggingafélagi eða öðrum eftirlitsskyldum aðila mega ekki eiga sæti í stjórn annars váttryggingafélags. Þeir mega heldur ekki m.a. vera starfsmenn annars váttryggingafélags eða tengdra félaga (dóttur- eða systurfélaga). Í 6. mgr. 54. gr. laganna er veitt undanþága frá þessari bannreglu á þann veg að stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis getur tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu váttryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð váttryggingafélaginu. Stjórnarseta samkvæmt þessari undanþáguheimild er háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaaðrekstrum á fjármálamarkaði.

Skaðatryggingafélögin hér á landi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Tryggingamiðstöðin hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf., eiga öll það sammerkt að reka líftryggingastarfsemi í sérstökum líftryggingafélögum í samræmi við fyrirmæli téðra laga. Eru þá líftryggingafélögin dótturfélög skaðatryggingafélaganna. Þótt með mismunandi hætti sé hafa flest þessara félaga nýtt sér fyrgreinda undanþáguheimild 6. mgr. 54. gr. þannig að stjórnarmenn eða starfsmenn móðurfélaganna hafa skipað stjórnir dótturfélaganna.

#### Frumvarp til laga um breytingar á lögnum um vátryggingastarfsemi.

Í 2. efnismálgrein b. liðar 16. gr. frumvarpsins til breytingar á 6. mgr. 54. gr. er m.a. lögð til sú breyting að með nýjum málslið, lokamálslið, skuli meiri hluti stjórnarmanna ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu, þ. á m. í líftryggingafélögum sem eru rekin sem dótturfélög skaðatryggingafélaga eins og að framan er lýst.

Í greinargerð með frumvarpinu er þessi breyting ekki rökstudd sérstaklega að öðru leyti en því sem almennt segir um breytingar á 5. og 6. mgr. 54. gr. laganna að lagðar séu til breytingar sem miða að því að koma í veg fyrir krossstjórnarsetu og að eðlilegt verði að telja að sami einstaklingur sitji ekki í stjórn fleiri en eins eftirlitsskylds aðila. Svo segir í greinargerðinni að í greininni sé einnig fjallað um undanþágu frá banninu við krossstjórnarsetu.

#### Athugasemdir SFF

Í athugasemdum SFF við frumvarpið frá 4. desember sl. er lagt til að ákvæðið um að meiri hluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu verði tekið út úr 2. efnismálgrein b. liðar 16. gr. frumvarpsins.

#### Álit efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og breytingartillögur.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis skilaði sameiginlegu álit 16. desember 2013. Samkvæmt álit nefndarinnar er ekki lögð til breyting á umræddu ákvæði í frumvarpinu. Meginröksemd nefndarinnar fyrir því að hrófla ekki við ákvæðinu er að hagsmunaárekstrar kunna að koma upp í tengslum við krossstjórnarsetu hjá vátryggingafélögum. Eru í dæmaskyni nefnd tvenns konar tilvik þar sem slíkra hagsmunaárekstra kann að gæta. Annars vegar þegar vátryggingafélag er dótturfélag annars fyrirtækis og stjórn vátryggingafélagsins er skipuð af meirihlutaaðilum sem tengjast móðurfélaginu með beinum hætti. Hins vegar þegar skaðatryggingafélag er móðurfélag líftryggingafélags.

Í 1. efnismálgrein b. liðar 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá reglu að stjórnarmönnum vátryggingafélags sé m.a. almennt óheimilt að eiga sæti í stjórn eða vera starfsmenn annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Í 2. efnismálgrein er svo mælt fyrir um undanþágu frá þessari bannreglu á þann veg að stjórnarmaður eða starfsmaður vátryggingafélags getur að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum tekið sæti í stjórn annars vátryggingafélags eða fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu. Undanþáguákvæði 2. efnismálgreinar á því eingöngu við um stjórnarmenn og starfsmenn vátryggingafélaga en ekki um stjórnarmenn eða starfsmenn móðurfélags vátryggingafélags þegar móðurfélagið er ekki vátryggingafélag. Því má segja að fyrri dæmið sem nefnt er í álit efnahags- og viðskiptanefndar eigi ekki alls kostar við. Engu að síður má hafa fullan skilning á þeim sjónarmiðum sem þar koma fram því þau geta vel átt við þegar sú staða er uppi að stjórnarmaður eða starfsmaður vátryggingafélags tekur sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu á grundvelli undanþáguheimildarinnar. Við slíkar kringumstæður kunna vissulega að skapast þær aðstæður að komið geti til hagsmunaárekstra sem rétt sé að bregðast við með því að setja að skilyrði að meiri hluti stjórnarmanna í slíkum félögum sé óháður öðrum félögum innan samstæðunnar.

Hvað síðara dæmið snertir verður að horfa raunsætt á það hvernig íslenskur vátryggingamarkaður er uppbyggður í dag. Þess er áður getið að skaðatryggingafélögin fjögur hér á landi reka líftryggingastarfsemi á sínum vegum í aðskildum dótturfélögum eins og skylt er að lögum og þykir sjálfsagt. Annan eftirlitsskyldan rekstur hafa þessi skaðatryggingafélög ekki með höndum (að því frátöldu að eitt félag, Tryggingamiðstöðin hf., á og rekur tvö félög sem eru í slitiferli („run off“) og hafa

einungis endurtryggingaáhættur í gildi). Líftryggingareksturinn er á hinn bóginn afar smár í sniðum í samanburði við skaðatryggingareksturinn og iðgjöld vegna líftryggingastarfseminnar eru innan við 10% af heildariðgjaldamagni samstæðunnar í hverju tilviki og jafnvel vel innan við 10%. Í reynd eru því þessi líftryggingafélög rekin sem sérstakar og tiltölulega smáar einingar innan móðurfélaganna á grundvelli sérstakra þjónustusamninga (útivistunarsamninga), enda í flestu tilliti um eðlislíka starfsemi að ræða þótt eðli sjálfra váttryggingarsamninganna sé ólíkt sem gerir það að verkum að þeim er haldið í aðskildum félögum. Mikil hagræðing er fólgin í þessu fyrirkomulagi og hagsmunir móðurfélagsins (skaðatryggingafélagsins) og dótturfélagsins (líftryggingafélagsins) fara allajafna saman og hætta á hagsmunaárekstrum er hverfandi þegar eignarhaldi er háttað eins og hér hefur verið lýst. Þegar litið er til þessa þykir varhugavert að fullyrða að stjórn dótturfélags sé ekki ályktunarbær varðandi samninga við móðurfélagið og, eftir atvikum, samkeppnisaðila þess.

Þegar löggjafinn hyggst gera íþyngjandi breytingar á gildandi lögum sem jafnframt fela í sér verulega röskun á því fyrirkomulagi sem um árábil hefur tíðkast varðandi skipan stjórnar líftryggingafélaga í eigu skaðatryggingafélaga hlýtur að mega gera kröfu um að slíkar breytingar séu gerðar til að bregðast við tilteknum vanda sem þegar er fyrir hendi eða er aðsteðjandi. Þá verður einnig að gæta meðalhófs eins og frekast er unnt við slíkar lagabreytingar. Í ljósi þessa verður að telja að mun lengra sé gengið en nauðsyn krefur þegar í fyrirliggjandi lagagafrumvarpi er tekið fyrir að stjórnarmenn og starfsmenn váttryggingafélags skipi stjórn annars váttryggingafélags eins og heimilt er nú samkvæmt 6. mgr. 54. gr. laganna um váttryggingastarfsemi.

#### **Tillaga um breytingu á 2. efnismgr. b. liðar 16. gr. frumvarpsins.**

Til að mæta þeim sjónarmiðum sem að framan eru rakin er lagt til að í stað lokamálsliðar 2. efnismgr. b. liðar 16. gr. frumvarpsins komi nýr málsliður sem hljóði svo: „**Sé nýtt heimild 1. málsli. þannig að stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags tekur sæti í stjórn fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu skal meiri hluti í slíkri stjórn ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu.**“

Með þessu verði reynt að koma til móts við öll sjónarmið á þann veg að óhæði meiri hluta stjórnarmanna sé tryggt þegar stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags tekur sæti í stjórn fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu, en vikið sé frá þessu skilyrði þegar um er að ræða stjórnarsetu í öðru váttryggingafélagi. Þá verður í þessu sambandi einnig að líta til þeirrar veigamiklu röksemdar að hér er í öllum tilvikum um starfsleyfisskyld félög að ræða sem lúta ströngu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sömuleiðis alltaf síðasta orðið um það að seta stjórnarmann eða starfsmann váttryggingafélags í stjórn annars váttryggingafélags skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eins og nánar er mælt fyrir um í málgreininni, sbr. og nú. 6. mgr. 54. gr. laganna.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.